Brjef landshöfðinga *til stiptsyfirvaldanna* **um sölu á hálfum Ormsdal.** — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland erindi það frá Júlíusi Halldórssyni hjeraðslækni, er fylgdi þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna dags. 29. ág. f. á., hefur ráðgjafinn nú með brjefi dags. 31. desbr. f. á. tjáð mjer, að samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum sínum hafi hans hátign konunginum 11. s. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja, að selja megi tjeðum lækni þann hluta Ormsdals, sem tilheyrir Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnavatnssýslu, fyrir 150 kr., en greiða verði nefndur læknir tíund og önnur gjöld til hins opinbera af nefndum landsparti, þegar hann er orðinn eign hans, svo sem af öðrum bændaeignum. 29 11. febr.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverði herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

---

nýjár 1886, hafi hann ennfremur fengið af fátækrafje vörur fyrir 1 kr. 44 a. En hann hafi, þegar hann ljezt, verið búinn að borga upp í skuld þessa smátt og smátt svo mikið, að eptir hafi þá staðið að eins 11 kr. 04 a.

Á hinn bóginn, eða af hálfu hins forna Álptanesshrepps, þar sem Bjarni mótmælalaust var sveitlægur þegar hann fluttist í Vatnsleysustrandarhrepp, er því haldið fram, að ofannefndur styrkur hafi eigi verið löglega veittur fátækrastyrkur, og hafi því eigi getað hamlað því, að Bjarni yrði sveitfastur í Vatnsleysustrandarhreppi.

Jeg verð nú enn að halda fram þeirri skoðun, þrátt fyrir hina nýju skýrslu hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og hið óstaðfesta vottorð Vatnsleysubændanna (dags. 11. okt. f. á.), að vanrækt hafi verið að nauðsynjalausu, að rannsaka heimilisástæður Bjarna, áður en styrkurinn var veittur, og að hann, þegar af þeirri ástæðu, verði eigi talinn lögmætur sveitarstyrkur.

En jafnframt því virðist það athugavert, að eptir framburði ekkju Bjarna hefur hann sjálfur álitið styrk þennan lán af hallærisfje, sem átti að endurborgast hreppnum, og af hreppnum aptur landssjóði, en það er mjer kunnugt, að slík lán (hallærislán) voru á þeim tíma, sem hjer ræðir um (1885 — 1886), almennt eigi talin fátækrastyrkur í Vatnsleysustrandarhreppi, og að sjálf sveitarstjórnin hafi framan af, eða áður en Bjarni ljezt, ekki í alvöru talið þetta löglegan sveitarstyrk, virðist mega ráða af því, að við skiptinguna á Vatnsleysustrandarhreppi, skömmu fyrir lát Bjarna, var hann og hyski hans hiklaust talið með ómögum þessa hrepps. Það er og augljóst, að það var eigi nein brýn ástæða fyrir hreppsnefndina í Vatnsleysustrandarhreppi til þess að hlaupa til og veita Bjarna fátækrastyrk, þar sem næsti hreppurinn var framfærsluhreppur hans, og hann á dagstund gat komizt þangað, og krafið *rjetta hlutaðeigendur* um, að veita sjer þann styrk, sem hann kann að hafa þarfnazt. Þá sýnist það og vera athugandi, að eptir því, sem segir í úrskurði sýlumanns, hefur verið lagt aukaútsvar á Bjarna til Vatnsleysustrandarhrepps öll árin 1880—81 og 1889—90, 8 til 16 krónur árlega.

Með framanrituðum athugasemdum leyfi jeg mjer hjermeð virðingarfyllst að endursenda herra landshöfðingjanum erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi með 15 fylgiskjölum, og læt jeg jafnframt fylgja með bref sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtsins, dags. 4. júlí 1891, en fleiri skjöl eru eigi í mínum vörzlum, er geti verið til upplýsingar í máli þessu.